

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn		
Prófdagur:	4. maí 2016	Kl.:	16:00 – 20:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblið:	6 síður, þ.m.t. forsíða
Leyfileg hjálpargögn:	Eingöngu leyfilegt að hafa lög, reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands hf, á pappírformi. Fylgiblið: Engin		
Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi <u>tvisvar</u> á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs. Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi. Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.			

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. verkefni – fjárfestingarráðgjöf (5%)

Hvað telst vera fjárfestingarráðgjöf til verðbréfavíðskipta og hvaða reglur gilda um slíka ráðgjöf?

2. verkefni - taka fjármálagerninga til viðskipta (10%)

Gerðu grein fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og útgáfu lýsingar af því tilefni (aðeins skal fjalla um tilgang með lýsingu í þessu sambandi og hvaða upplýsingar þurfa koma fram í lýsingu). Ekki er nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um skilyrði kauphallar (Nasdaq Iceland) fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta.

3. verkefni – miðlun innherjaupplýsinga (5%)

Gerðu grein fyrir undir hvaða kringumstæðum er heimilt að miðla innherjaupplýsingum til þriðja aðila.

4. verkefni – krossaspurningar (20%)

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum sem eru 10 talsins. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Allar spurningar vega jafnt (2%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

1) Hvaða starfsheimildir getur verðbréfafyrirtæki aldrei haft?

- Fjárfestingarráðgjöf
- Innlán
- Eignastýring
- Framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina

2) Hver af eftirtöldum fullyrðingum er röng?

- Fjármálafyrirtæki er heimilt að veita lán sem er tryggt með veði í hlutabréfum útgefnum af því ef hlutabréfin eru talin traust trygging af Fjármálaeftirlitinu.
- Óheimilt er að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
- Starfsmenn fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.
- Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar viðskipti þeirra sjálfra

3) Eftirfarandi ákvæði verðbréfavíðskiptalaga gilda eingöngu um skipulega verðbréfamarkaði (merktu við þann möguleika sem er rangur):

- Kafli VII. um reglulegar upplýsingar útgefenda

- kafli IX. um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar
- kafli XIII um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja
- kafli X. um yfirtöku

4) Eftirfarandi fjármálagerningar eru ekki skilgreindir sem einfaldir (e. non-complex financial instruments):

- Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað
- Afleiður
- Peningamarkaðsskjöl
- Hlutdeildarskírteini

5) Hver af eftirtöldum fullyrðingum varðandi flokkun viðskiptavina í 21. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti er rétt:

- Fjármálafyrirtæki þarf aðeins að flokka viðskiptavinina sína ef þeir hafa verið í viðskiptum við fjármálafyrirtækið í meira en mánuð
- Fjármálafyrirtæki er ekki skylt að upplýsa viðskiptavininn um til hvaða flokks fjárfesta hann telst ef hann hefur verið flokkaður sem almennur fjárfestir
- Fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að flokka viðskiptavinina sína sem teljast til fagfjárfesta sem viðurkennda gagnaðila
- Fjármálafyrirtæki er heimilt að eiga í verðbréfiðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja skilyrðum um upplýsingagjöf til viðskiptavina (14. gr.) eða reglum um bestu framkvæmd (18. gr.)

6) Verðbréfiðlari býr yfir innherjaupplýsingum um fyrirtæki X sem hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands. Er verðbréfiðlarinn heimilt að kaupa 100 hluti í X fyrir viðskiptavininn samkvæmt beinum fyrirmælum hans?

- Já
- Nei
- Já, en aðeins ef verðbréfiðlarinn upplýsir viðskiptavininn um innherjaupplýsingarnar.

7) Ef innherjaupplýsingum um fyrirtæki X sem, hefur fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands, er miðlað til þriðja aðila með lögumætum hætti þá: (merkið við þann möguleika sem er réttur)

- Gerist ekkert því innherjaupplýsingunum var miðlað í samræmi við lög og reglur.
- Skal X (útgefandinn) birta almenningi upplýsingarnar í heild sinni í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl. nema þriðji aðilinn sé bundinn þagnarskyldu.
- Verður þriðji aðilinn að bíða í einn dag áður en hann má eiga viðskipti með hlutabréf í X.

8) Ef útgefandi uppfyllir ekki ákvæði eða ákvarðanir Kauphallarinnar sem teknar eru á grundvelli Kauphallarreglnanna getur Kauphöll ekki:

- Krafist upplýsinga frá útgefanda
- Áminnt útgefanda
- Ákveðið féviti á hendur útgefanda
- Lagt á útgefandann stjórnvaldssektir sem geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr.

9) Hver eftirtalinna fullyrðinga um eftirlit Fjármálaeftirlitsins er röng?

- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með samkeppnishömlum.
- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með verðbréfaviðskiptum.
- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.
- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi innheimtuaðila.

10) Hver eftirtalinna fullyrðinga um verðbréfasjóði er rétt?

- Verðbréfasjóðir gefa út hlutdeildarskírteini og skuldabréf.
- Erlendum verðbréfasjóðum er aldrei heimilt að markaðssetja skírteini sín á Íslandi.
- Verðbréfasjóðum almennt alltaf skylt að innleysa að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina.

5. verkefni – raunhæft (20%)

Þann 10. janúar 2016 keypti fjármálafyrirtækið HBS 4% í Högum, þ.e.a.s. hlutabréf í Högum sem hafa verið tekin til viðskipta á aðalmarkað Kauphallar Íslands. Tíu dögum síðar, eða 20. janúar 2016, keypti HBS aftur hlutabréf í Högum, 2,5% af heildarhlutafé Haga.

HBS ákvað síðan 10. febrúar 2016 að gera framvirkan samning við viðskiptavin um 2% hlut í félaginu sem fól í sér að viðskiptavinurinn samþykkti að kaupa hlutinn af bankanum á fyrirfram umsömdu verði 10. september 2016. HBS fór með atkvæðisréttinn þar til samningurinn yrði efndur í september.

HBS seldi 3% af hlut sínum í Högum 10. júlí.

Gerðu grein fyrir hvort og þá hvenær er skylt að senda flöggunartilkynningar vegna umræddra viðskipta. Rökstyddu svarið og vísaðu til réttarreglna eftir því sem við á.

6. verkefni – raunhæft (20%)

Haldinn var fundur með æðstu stjórnendum fjarskiptafyrirtækisins Talsímans hf. 20. apríl sl. Á fundinum, sem hófst kl. 13, kynnti forstjóri Talsímans hf. að náðst hafi samkomulag um að fyrirtækið muni sameinast Símanóva ehf. í formi yfirtöku. Forstjórinn sagði að samruninn væri genginn í gegn en það væri ennþá verið að bíða eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir samrunanum áður en tilkynnt yrði um hann opinberlega. Forstjórinn sagði að honum hafi

verið lofað að slíkt samþykki myndi liggja fyrir eigi síðar en kl. 8 daginn eftir þannig að það yrði tilkynnt um samrunann opinberlega fyrir opnun markaða þann dag.

Forstjórinn sagði fundarmönnum að um trúnaðarupplýsingar væri að ræða og bað þá að hafa hljótt um þær þar til tilkynnt yrði um samruninn opinberlega. Hlutabréf í Talsímanum hf. hafa verið tekin viðskipta á aðalmarkað Kauphallar Íslands og sagði forstjórinn að það væri fyrirséð að hlutabréf í fyrirtækinu myndu hækka töluvert í kjölfar tilkynningar þar sem fyrirtækið myndi auka markaðshlutdeild sína á Íslandi töluvert.

Eftir fundinn kl. 14:30 hringdi Lárus Jóhannsson, sem hafði setið umræddan fund, til vinar síns, Sigurðar Guðmundssonar, og sagði honum að það lægi fyrir að Símanóva ehf. myndi sameinast Talsímanum hf. og það væri allur líkur á því að hlutabréf í Talsímanum myndu hækka töluvert þegar tilkynnt yrði um samrunann fyrir opnun markaða daginn eftir. Strax eftir að símtalinu lauk hringdi Sigurður í verðbréfamiðlara hjá Íslandsbanka og fyrirskipaði honum að kaupa fyrir sig 1.000.000 hluti í Talsímanum.

Eftir að tilkynnt hafði verið um samrunann 21. apríl sl. hækkaði verðið á hlutabréfum í Talsímanum og lokaverðið þann dag var 35% hærra en lokaverðið deginum áður. Þegar fyrirséð var að hlutabréfin myndu ekki hækka meira ákvað Sigurður að selja hlutabréfin sín aftur en þá hafði verðið hækkað um 40% frá lokaverði 20. apríl.

Hafa einhver ákvæði verðbréfavíðskiptalaga verið brotin? Farðu yfir þá framkvæmd í ofangreindri frásögn sem vekur upp spurningar um brot gegn ákvæðum laganna og heimfærðu hegðun til ákvæða eða rökstuddu ef þú telur hegðun aðila vera í samræmi við ákvæði laga.

7. verkefni – raunhæft (20%)

Jón Jónsson var í fasteignahugleiðingum og var búinn að finna draumafasteignina í Vesturbænum. Eina vandamálið var að það vantaði töluvert upp í að hann ætti nóg fyrir útborgun í íbúðina. Jón átti þá töluvert magn af hlutabréfum í Air Iceland Group, sem hafa verið tekin til viðskipta á aðalmarkað Kauphallar Íslands. Til að eiga fyrir útborguninni ákvað Jón að það væri kominn tími til að selja hlutabréfin sín, en því miður var verðið á hlutabréfunum ekki nógu hátt þannig að jafnvel þótt hann myndi selja öll hlutabréfin sín ætti hann ennþá fyrir útborgun fasteignarinnar.

Seljandi íbúðarinnar í Vesturbænum var búinn lofa Jóni að hann fengi tvo daga til að útvega pening fyrir útborguninni, annars myndi íbúðin verða sett aftur á sölu 24. apríl. Jón ákvað því að taka málin í sínar hendur og hafði samband við vin sinn sem starfaði sem verðbréfamiðlari hjá Arion banka. Hann bað verðbréfamiðlarann um að leggja inn mörg kautilboð í hlutabréf í Air Iceland Group í viðskiptakerfi Kauphallarinnar á herra gengi en fyrirbyggjandi kautilboð og þegar gengið hefði hækkað nógu mikið ætti hann að selja eins mikið af hlutabréfum og hann gæti á nýja genginu. Strax í kjölfarið ætti hann síðan að draga kautilboðin til baka og koma þannig í veg fyrir að gengið yrði að kautilboðunum, enda hafði Jón alls ekki í hyggju

að eignast fleiri hlutabréf í Air Iceland Group. Jón bað verðbréfamiðlarann um að endurtaka þetta þar til hann hefði selt öll hans hlutabréf í félaginu.

Verðbréfamiðlarinn gerði það sem vinur hans hafði beðið hann um að gera. Eftir að markaðurinn lokaði 23. apríl hafði verðbréfamiðlarinn náð að selja öll hlutabréf Jóns í Air Iceland Group með töluverðum hagnaði. Það varð til þess að Jón átti nóg fyrir útborguninni og skrifaði hann undir kaupsamning daginn eftir, 24. apríl.

Hafa einhver ákvæði verðbréfavíðskiptalaga verið brotin? Farðu yfir þá framkvæmd í ofangreindri frásögn sem vekur upp spurningar um brot gegn ákvæðum laganna og heimfærðu hegðun til ákvæða laganna og/eða rökstyddu ef þú telur hegðun aðila vera í samræmi við ákvæði laga.